Helena slær í gegn á Ítalíu



Menning ➤ 30

Sumargleðin og Ómar



Lífið ➤ 34




FRÉTTABLAÐIÐ

252. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR frettabladid.is FIMMTUDAGUR 23. DESEMBER 2021



Jarðskjálftar eru farnir að láta á sér kræla á nýjan leik í Geldingadölum við Fagradalsfjall, sem gæti leitt til þess að eldgos hefjist aftur á svæðinu eftir þriggja mánaða hlé. SJÁ SÍÐU 2 FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Meirihlutinn í borginni heldur naumlega velli

**Sjálfstæðisflokkurinn er stærstur í borginni og mælist með kjörfylgi sitt. Borgarstjóri spáir spennandi kosningavetri.**

adalheidur@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** Samfylkingin, flokkur borgarstjórans í Reykjavík, tapar þremur prósentum og einum borgarfulltrúa, samkvæmt nýrri könnun sem Prósent gerði fyrir Fréttablaðið. Píratar bæta hins vegar við sig manni og meirihlutasamstarf Samfylkingar, Pírata, Viðreisnar og Vinstri grænna, heldur því naumlega velli, með sama fjölda borgarfulltrúa.

„Mér finnst það nú kannski megin tíðindin og mjög jákvætt á þessum tímapunkti, segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

„Ég hef oft séð að fylgi flokka í meirihlutasamstarfi sígur á síðari hluta kjörtímabilsins, áður en kosningabaráttan hefst,“ segir hann og bætir við: „Það er ekki á vísan að róa með neitt í pólitík og mér sýnist geta stefnt í spennandi kosningavetur.“

Aðspurður segir Dagur að hann muni upplýsa hvort hann gefi kost á sér áfram, eftir hátíðirnar.

> **Það er ekki á vísan að róa með neitt í pólitík og mér sýnist geta stefnt í spennandi kosningavetur.**
>
> Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

**Fjöldi borgarfulltrúa**

- Sjálfstæðisflokkur
- Samfylkingin
- Píratar
- Viðreisn
- Framsóknarflokkur
- Flokkur fólksins
- Sósíalistaflokkur
- Vinstri græn

Sjálfstæðisflokkurinn mælist nú með sama fylgi og hann fékk í kosningunum 2018, 31 prósent. Flokkurinn bætir töluvert við sig frá könnun sem gerð var fyrir rúmu ári, þegar flokkurinn mældist með 23,4 prósent.

Ég fagna því að við mælumst enn stærsti flokkurinn í borginni,“ segir Hildur Björnsdóttir, sem ein hefur lýst yfir framboði í oddvitasæti á lista Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Hildur bendir á að Sjálfstæðisflokkurinn mælist oft lægri í könnunum en kosningum og könnunin gefi því góð fyrirheit. „Þessar niðurstöður senda jákvæð skilaboð inn í kosningabaráttuna fram undan,“ segir Hildur. SJÁ SÍÐU 6

**Niðurstöður könnunar um fylgi flokka í Reykjavík**






# Hundruð létust hefði sænska leiðin verið valin

benediktboas@frettabladid.is

**COVID-19** Væri dánartíðnin af völdum Covid-19 á Íslandi sambærileg við dánartíðnina í Svíþjóð, má gera ráð fyrir að hátt í 520 manns hefðu látist hér á landi frá upphafi faraldursins.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýjum talnabrunni Embættis landlæknis, þar sem vitnað er í nýja skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, sem gaf nýlega út ritið Health at a Glance. Þar segir að í lok júní hafi uppsafnaður fjöldi andláta af völdum Covid-19 verið 1.285 að meðaltali á hverja milljón íbúa í OECD löndunum.

**520**

**Íslendingar væru látnir úr Covid-19 ef dánartíðnin væri sú sama og í Svíþjóð.**

Hæst var tíðnin í Ungverjalandi en lægst á Nýja-Sjálandi. Sé litið til Norðurlandanna hafa flestir látist af völdum Covid-19 í Svíþjóð, eða 1.420 á hverja milljón íbúa, en lægst er tíðnin á Íslandi, 82 á hverja milljón íbúa. ■

# Bókin árituð



Guðmundur Felix Grétarsson nýtur lífsins hér á landi í fyrsta sinn eftir að hann fékk grædda á sig handleggi í aðgerð í Frakklandi í upphafi árs. Hann kom við á ritstjórnarskrifstofu Torgs og áritaði bókina sína, 11 þúsund volt, fyrir Erlu Hlynsdóttur, fréttastjóra DV, sem skrásetti sögu hans. Frönsk sjónvarpsstöð fylgir Guðmundi Felix hvert fótmál og birtist frétt Valérie Benais um ævintýri hans hér á landi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Kennir okkur að fara þarf varlega í yfirlýsingum um endalok eldgosa

hjorvaro@frettabladid.is

**NÁTTÚRA** Skjálftahrina hófst við Fagradalsfjall á þriðjudagskvöldið en Þorvaldur Þórðarson eldfjallafræðingur segir þessa virkni sýna að erfitt sé að segja til um hvenær lýsa eigi yfir goslokum.

„Þessi skjálftavirkni á rót sína að rekja til þess að sú kvika sem hefur safnast fyrir á um sex til sjö kílómetra dýpi er á mörkum brotgjarna og stökka hluta skorpunnar. Það skapar þrýsting og sá þrýstingur er byrjaður að brjóta neðsta hluta stökku skorpunnar.

Mögulegt er að þetta kvikuhlaup endi með því að stökki hlutinn muni bresta og eldgos hefjist á nýjan leik. Hvenær og hvort það muni gerast er hins vegar ómögulegt að segja til um,“ segir Þorvaldur.



Jarðhræringar eru við Fagradalsfjall. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þegar gjósa fór í mars fyrr á þessu ári á svæðinu, liðu þrjár vikur frá fyrstu skjálftahrinunum þar til eldgos hófst. Ekkert hraunflæði hefur verið í síðustu þrjá mánuði rúma.

„Þessi atburðarás kennir okkur að það er erfitt að lýsa yfir endalokum eldgoss. Þar sem afhleðsla kviku hefur einu sinni átt sér stað getur það gerst aftur hvenær sem er,“ segir eldfjallafræðingurinn. ■




# Vilja að leikskólunum verði lokað milli jóla og nýárs

**Fæstir starfsmenn á leikskólum hafa fengið örvunarskammt. Smithætta mjög mikil innan leikskólanna. Starfsfólkið nálægt uppgjöf, að sögn leikskólastjóra.**

bth@frettabladid.is

**COVID-19** Mikil óánægja er meðal leikskólakennara með þá mismunun sem leikskólakennarar upplifa að gerð sé á leikskólastiginu og öðrum skólastigum vegna Covid. Krafa er uppi um að leikskólum verði lokað milli jóla og nýárs.

„Það logar allt,“ segir Anna Margrét Ólafsdóttir, leikskólastjóri á Nóaborg í Reykjavík.

Hún segist vilja hrósa borginni fyrir að bjóða foreldrum með framlengdum fresti, upp á niðurfellingu gjalda milli jóla og nýárs, ef hægt sé að hafa börnin heima. Aftur á móti hefði hún kosið að leikskólum væri lokað milli jóla og nýárs, nema fyrir börn foreldra sem sinna framlínustörfum, eða eru í sérstökum aðstæðum.

„Það er eins og leikskólinn sé að einhverju leyti hugsaður bara sem þjónusta við foreldra og atvinnulíf, nema á tyllidögum,“ segir Anna Margrét.

Hún segir að leikskólastarfsfólk eigi skilið fálkaorðuna, fyrir að standa vaktina undir ofurálagi. En margir hafi gefist upp. Hætta sé á frekari atgervisflótta. Sem dæmi hafi sumir leikskólakennarar fært sig yfir í grunnskólana, þar sem aðstæður séu mun manneskjulegri.

Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda leikskóla hafa sent frá sér sameiginlega ályktun, um að engin haldbær sóttvarnarök séu fyrir því að loka ekki leikskólum. „Það er staðreynd að útilokað er að gæta að sóttvörnum milli barna á leikskólastiginu og nánd milli kennara og barna er miklu meiri en á öðrum skólastigum,“ segir í ályktuninni.



Anna Margrét Ólafsdóttir leikskólastjóri vill að leikskólar verði lokaðir milli jóla og nýárs nema fyrir takmarkaðan hóp. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> **Það er eins og leikskólinn sé að einhverju leyti hugsaður bara sem þjónusta við foreldra og atvinnulíf.**
>
> Anna Margrét Ólafsdóttir, leikskólastjóri

Anna Margrét segir að hafa verði í huga að fæstir í hópi leikskólastarfsfólks hafi fengið örvunarskammt. Flestir starfsmenn séu algjörlega óvarðir. Foreldrar eiga ekki að þurfa að upplifa samviskubit yfir að koma með börn í leikskólann milli jóla og nýárs, en yfirvöld verði að setja miklu skýrari ramma.

„Ég er núna með helming míns starfsfólks í sóttkví og stóran hóp af börnum. Covid er alvarlegt, af því að við vitum aldrei hver veikist alvarlega. Sum börn verða líka mjög lasin,“ segir Anna Margrét.

„Út af þessu virðingarleysi hugsa margir starfsmenn: Er þetta þess virði? Leikskólar mega ekki við því að missa fleira fólk úr starfi.“ ■

POTTURINN STEFNIR Í

42

MILLJÓNIR

Sölu lýkur kl. 15.40
á jóladag.

MILLJÓLA
LEIKUR
25 spilarar vinna heila milljón hver

DREGIÐ 25. DES

Þægilegt
í appinu

inná
lotto.is

eða næsta
sölustað

Lottó
LEIKURINN OKKAR

# Telja jarðvegsskipti eftir mengunarslys ekki fýsileg

kristinnhaukur@frettabladid.is

**NORÐURLAND** Umhverfisstofnun telur jarðvegsskipti á því svæði þar sem mikill bensínleki varð á Hofsósi, ekki fýsilegan kost, eins og sveitarfélagið Skagafjörður hefur beðið um. Rannsóknir bendi til þess að mengunin sé ekki bundin í jarðveginum heldur í gasfasa í holrýmum jarðvegsins.

„Eftir að sveitarfélagið fékk EFLU til þess að vinna skýrslu um málið, þá hafa komið fram ný gögn í málinu sem breyttu forsendum þess og höfðu áhrif á val og útfærslu hreinsunaraðgerða," segir Frigg Thorlacius, lögfræðingur stofnunarinnar.

Sveitarstjórn Skagafjarðar hefur gagnrýnt Umhverfisstofnun harðlega og meðal annars bókað að fyrirmæli stofnunarinnar til N1 um aðgerðir „endurspegli ákveðna firringu í málinu." Þau fyrirmæli sem N1 voru gefin veiti lítið öryggi um árangurinn af hreinsunaraðgerðum og séu tímafrek. Þá hefur bæjarstjórn ítrekað kvartað yfir hversu langan tíma málið hefur tekið í meðferð Umhverfisstofnunar, en lekinn kom í ljós fyrir tveimur árum.

> Þær rannsóknir sem nauðsynlegar eru til að ná framangreindu markmiði eru tímafrekar.
>
> Frigg Thorlacius, lögfræðingur Umhverfisstofnunar

Frigg segir Umhverfisstofnun hafa lagt ríka áherslu á að N1 geri áætlanir á svæðinu. „Leggja þurfti mat á árangur fyrri hreinsunaraðgerða sem voru framkvæmdar í júní 2020. Ýmsar sýnatökur þurfti að framkvæma, sem og senda niðurstöður þeirra erlendis til efnagreiningar," segir Frigg. Kortlagningin á menguninni hafi verið umfangsmikil sem og kortlagning á þeim aðgerðum sem best væru fallnar til að uppræta bensínmengunina. „Þær rannsóknir sem nauðsynlegar eru til að ná framangreindu markmiði eru tímafrekar," segir hún. ■


Við Austurbæjarskóla er neysla á niðdimmri lóð. FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR

## Neysla á skólalóð vegna ljósaskorts

benediktboas@frettabladid.is

**FÍKNIEFNI** „Við vitum líka að hér hefur verið mikið sótt í að koma og reykja gras eða neyta annarra fíkniefna. Ég hugsa að þetta myndi auka mjög öryggi krakkanna, að bæta lýsinguna, og einnig mögulega hafa einhvern smá fælingarmátt frá skólalóðinni," segir í bréfi frá forstöðumanni félagsmiðstöðvarinnar 100og1 til íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, um lýsingu á skólalóð Austurbæjarskóla.

Er þar óskað eftir að fá betri lýsingu á skólalóðina, þar sem henni er lýst sem mjög dimmri á kvöldin. Á neðri lóðinni í kringum aparóluna og körfuboltavellina er sögð nánast engin lýsing og í skammdeginu sé eins og þar sé allt svart og varla sjáandi hvort einhver sé þar eða ekki.

„Ég hef mikið hugsað um þetta núna í vetur þar sem við í félagsmiðstöðinni erum búin að vera vör við og að díla við mikla hópamyndun á skólalóðinni," segir í bréfinu.

Íbúaráðið tók undir áhyggjurnar og óskaði eftir að lýsing á lóðinni yrði bætt hið snarasta. ■


Guðrún Karls Helgudóttir sóknarprestur í Grafarvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Helgihaldi streymt úr Grafarvogskirkju

**TRÚFÉLÖG** Í Fréttablaðinu í gær kom ranglega fram að messuhald félli niður í Grafarvogskirkju um hátíðirnar. Það er ekki rétt því þótt kirkjan verði lokuð af sóttvarnaástæðum fer helgihald þar fram og verður sent út í streymi á vefsíðu kirkjunnar. ■

# Óbólusett fólk ber faraldurinn uppi

Nýgengi Covid-smita er áfram hæst hjá óbólusettum, þrátt fyrir tilkomu Omíkron afbrigðisins. Spítalainnlagnir fólks með örvunarskammt eru komnar niður í núll.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**COVID-19** Þrátt fyrir tilkomu Omíkron, sem lýst hefur verið sem „nýrri veiru", eru smittölur undanfarinna daga bornar uppi af óbólusettum, bæði fullorðnum og börnum. Í ljósi áður óséðra smittalna hefur nýgengið hækkað í öllum hópum, en er þó áberandi lægst í hópi fullbólusettra barna og fólks sem fengið hefur örvunarskammt.

14 daga nýgengi á hverja 100 þúsund íbúa er 976,1 hjá fullorðnum óbólusettum, en 675,3 hjá fullbólusettum og aðeins 147,3 hjá fólki með örvunarskammt. 90 prósent landsmanna, 12 ára og eldri eru fullbólusettir, eða rúmlega 283 þúsund manns. Þá hafa rúmlega 154 þúsund manns fengið örvunarskammtinn.

Munurinn verður enn þá meira afgerandi þegar litið er til sjúkrahússinnlagna. Nýgengi óbólusettra er 32 á hverja 100 þúsund undanfarnar tvær vikur, en aðeins 4,3 hjá fullbólusettum. Munurinn er því rúmlega sjöfaldur. Hjá fólki með örvunarskammt er nýgengið ekkert og hefur verið í núllinu frá 14. desember.

Ekki er komin almennileg reynsla á sjúkrahússinnlagnir vegna Omíkron afbrigðisins hérna á Íslandi. Í viðtali við Fréttablaðið fyrr í vikunni greindi Runólfur Pálsson, yfirlæknir Covid-göngudeildar, frá því að starfsfólk hans væri í viðbragðsstöðu og áhrifin myndu koma í ljós á næstu viku eða svo.







> Nýgengi faraldursins er 655,3 og hefur aldrei verið hærra.

Á milli 200 og 300 manns greinast nú á hverjum degi, og eru langflest smitin innanlandssmit. 14 daga nýgengi faraldursins er 655,3 á hverja 100 þúsund og hefur aldrei verið hærra. Til samanburðar þá náði nýgengið hæst 267,2 í fyrstu bylgju faraldursins þann 1. apríl árið 2020. Í annarri náði það hæst 291,8 þann 17. október 2020 og í þeirri þriðju 433,6 þann 9. ágúst 2021.

Þrátt fyrir að enn vanti mikið upp á í útdeilingu örvunarskammta hér á landi er Ísland meðal fremstu þjóða heims. Hlutfall 12 ára og eldri er tæplega 57 prósent, samanborið við tæplega 24 prósent í Evrópusambandinu og tæplega 19 prósent í Bandaríkjunum. Í Danmörku er hlutfallið rúmlega 37 prósent en aðeins 24 í Noregi og 22 í Svíþjóð. Alls hafa 5,7 prósent heimsins fengið örvunarskammt en hjá ríkari þjóðum heims er hlutfallið tæplega 20 prósent. ■

960.000 KR VSK VERÐHÆKKUN UM ÁRAMÓT*
ALVÖRU JEPPI – ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF
5 ÁRA ÁBYRGÐ | 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFHLÖÐU | PLUG-IN HYBRID

JEEP COMPASS LIMITED
TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 6.999.000 KR.

JEEP RENEGADE TRAILHAWK
TROÐFULLUR AF AUKABÚNAÐI 6.199.000 KR.
*Verð á Compass og Renegade hækkar um 480.000-960.000 um áramótin, vegna VSK hækkana. Nánari útskýringar fást hjá sölumönnum.
ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LAUGARDAGA 12-16
Jeep 4xe




ELKO ehf. | Lindum - Skeifunni - Granda - Akureyri - Flugstöð | 544 4000 | elko@elko.is

Hvaða lista myndirðu kjósa ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga í Reykjavík í dag?






Í borgarstjórn sitja 23 borgarfulltrúar og því þarf tólf til að mynda meirihluta. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Framsókn nær sætinu af Vigdísi í borginni

Samfylkingin tapar manni í borgarstjórn en Píratar bæta við sig. Kjósendur leggja áherslu á velferð, húsnæðismál og samgöngur.

adalheidur@frettabladid.is

**STJÓRNMÁL** Meirihlutinn í Reykjavík rétt heldur velli, samkvæmt nýrri könnun sem Prósent gerði fyrir Fréttablaðið.

Sjálfstæðisflokkurinn er enn stærsti flokkurinn í borginni, bætir örlítið við sig frá kosningum og heldur sínum átta borgarfulltrúum. Fylgi flokksins er mun betra en þegar Fréttablaðið lét mæla fylgið síðast, í október í fyrra. Þá mældist flokkurinn með 23,4 prósent en er með 31 prósent nú, sé miðað við þá sem tóku afstöðu í könnuninni.

Samfylkingin dalar hins vegar aðeins frá kosningunum. Fer úr kjörfylginu 25,9 prósent niður í 22,8 prósent og tapar einum manni. Píratar bæta hins vegar við sig einum manni á móti og aðrir flokkar í meirihlutanum, Viðreisn og Vinstri græn, halda sínum mönnum.

**Vigdís dettur út**

Miðflokkurinn missir hins vegar sinn eina mann í borgarstjórn og mælist ekki með nema 1,4 prósent. Framsóknarflokkurinn sækir hins vegar aðeins í sig veðrið og mælist með 4,1 prósent, sem dugar fyrir einum borgarfulltrúa, en flokkurinn fékk engan mann kjörinn í borgarstjórn í síðustu kosningum.

Það athugast að á áttunda degi könnunarinnar, af þeim tíu sem tók að framkvæma hana, lýsti oddviti Sjálfstæðisflokksins, Eyþór Arnalds, yfir að hann hefði hætt við að vera í framboði fyrir næstu kosningar.

**Hreyfing á fylgi**

Hafa ber í huga að fylgið sem hér ræðir um miðast aðeins við þá sem tóku afstöðu til flokkanna, en könnunin sýnir að 30 prósent segjast ekki vita hvað þau myndu kjósa ef gengið yrði til kosninga í dag.

Þegar skoðað er hvernig þátttakendur kusu í síðustu borgarstjórnarkosningum, kemur í ljós að Sjálfstæðismenn eru langtrúastir sínum flokki, en 89 prósent þeirra sem kusu flokkinn í síðustu kosningum ætla líka að kjósa hann nú. Næst á eftir koma kjósendur Flokks fólksins sem ætla að kjósa sama flokk aftur í 82 prósentum tilvika. Kjósendur Samfylkingarinnar og Pírata ætla að kjósa sinn flokk aftur í 78 prósentum tilvika.

Innan við helmingur þeirra sem kusu VG í síðustu kosningum ætlar að kjósa flokkinn núna og ætla 26 prósent þeirra að kjósa Samfylkinguna. Þá ætla 36 prósent þeirra sem kusu Miðflokkinn síðast og 27 prósent þeirra sem kusu Viðreisn, að kjósa Sjálfstæðisflokkinn nú.

Töluverður munur er á kynjunum í afstöðu til, annars vegar Sjálfstæðisflokks og hins vegar Samfylkingar. Af þeim körlum sem taka afstöðu segjast 37 prósent ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn og 20 prósent Samfylkinguna. Hlutföllin eru mun jafnari hjá konum, en 24 prósent þeirra segjast ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn en 26 prósent kvenna velja Samfylkinguna.

**Skörp skil eftir aldri**

Fólk á aldrinum 24 til 54 ára sker sig úr í niðurstöðum könnunarinnar, en 44 prósent fólks á þeim aldri sem tók afstöðu í könnuninni, segjast ætla að kjósa Sjálfstæðisflokkinn og aðeins 17 prósent Samfylkinguna.

Skörp skil eru einnig í stuðningi við Pírata eftir aldri, en í yngsta kjósendahópnum segjast 26 prósent ætla að kjósa Pírata. Flokkurinn nýtur yfir 20 prósenta stuðnings í öllum aldurshópum innan við 45 ára aldur, en stuðningur við flokkinn hrynur niður í fimm prósent í öllum aldurshópum þar fyrir ofan.

Þegar horft er á tekjur vekur athygli að stuðningur við Sjálfstæðisflokk og Samfylkingu hækkar í báðum tilvikum, eftir því sem tekjur þátttakenda aukast. Báðir flokkarnir njóta mests stuðnings meðal þeirra sem mestar hafa tekjurnar. Fólk sem hefur 800 þúsund eða meira í tekjur á mánuði ætlar að kjósa Sjálfstæðisflokkinn í 35 prósentum tilvika, en 32 prósent þátttakenda í þeim tekjuhópi segjast ætla að kjósa Samfylkinguna.

Hvaða stefnumál finnst þér mikilvægast að stjórnmálaflokkar leggi áherslu á fyrir næsta kjörtímabil?




Píratar eru hins vegar vinsælasti flokkurinn í tekjulægsta hópnum, með 21 prósents fylgi, fast þar á eftir er Sjálfstæðisflokkurinn með 20 prósent og svo Samfylkingin með 17 prósent. Þar nær Flokkur fólksins einnig 15 prósenta fylgi.

**Samgöngur í forgang**

Fréttablaðið lét einnig kanna hug þátttakenda til málefna. Var þátttakendum boðið að haka við þrjá flokka stefnumála.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar finnst þátttakendunum mikilvægast að setja velferðar- og heilbrigðismál í forgang, en 34 prósent merktu við þau, auk húsnæðis- og lóðamála sem 29 prósent merktu við. Þá nefndu 25 prósent samgöngumál og almenningssamgöngur komust einnig á blað í 25 prósentum tilvika.

Rétt tæp 20 prósent nefndu málefni eldri borgara, umhverfismál og skólastarf.

Sjálfstæðismönnum eru samgöngumál efst í huga, en 38 prósent þeirra nefna þann málaflokk sérstaklega. Aðeins tíu prósent þeirra hafa þó áhuga á almenningssamgöngum, samkvæmt könnuninni. Mikill áhugi er hins vegar á þeim hjá kjósendum Samfylkingarinnar, sem nefna málaflokkinn í 48 prósentum tilvika.

Könnunin var framkvæmd dagana 13. til 22. desember, en um netkönnun var að ræða sem send var á könnunarhóp Prósents. Úrtakið var 1.700 manns og svarhlutfallið 51 prósent. Gögnin voru vigtuð til að úrtakið endurspegli álit íbúa Reykjavíkur og tekið var tillit til kyns og aldurs. ■



# Gleðilegt *íslensk hönnunarjól!*

1


2


3



4



6


**RAMMAGERÐIN**

5


1 *Studio Flétta – Kertastjaki*
Handgerður aðventukertastjaki frá hönnunartvíeykinu Studio Flétta. Kemur í takmörkuðu upplagi. Jólakerti Rammagerðarinnar; hönnuður Þórunn Árnadóttir. Framleitt af Kertasmiðjunni.

Aðventustjaki 38.000 kr.
Jólakerti 2 stk. 3.200 kr.

2 *Ullarsokkar Rammagerðarinnar*
Framleiddir í Reykjavík úr íslensku sokkabandi.

3.800 kr.

3 *Tarot kerti*
Kerti frá 54 Celsius, þar sem höfuðspil tarot spilana eru táknuð með sérstökum ilm og myndskreytingu.
Hönnuður; Þórunn Árnadóttir.

5.950 kr.

4 *Tauþoki – Sorry með mig*
Rammagerðin í samstarfi við Sísí Ingólfsdóttur.
Taupoki með sígildri kvenlegri afsökun.

3.600 kr.

5 *Rammagerðin – Húfur*
Fær í flestan sjó; fylgihlutalína Rammagerðarinnar.
75% ull og 25% angúra
Framleitt í Reykjavík.

6.500 kr.

6 *Hlín Reykdal*
Skartgripalínan Young.

Hálsfesti 23.900 kr.
Eyrnalokkar 18.900 kr.

RAMM ACER ÐIN *Ísland 1940*

Skólavörðustígur 7
Skólavörðustígur 12
Kringlunni
Harpa
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

INSTAGRAM @rammagerdin
FACEBOOK @rammagerðin
www.rammagerdin.is
+354 535 6689

# Stefnir í jólamessu með jarðskjálftum

gar@frettabladid.is

**GRINDAVÍK** „Það voru bara nokkuð góðir tveir skjálftar sem komu í morgun og það skalf vel hér,“ sagði Elínborg Gísladóttir, sóknarprestur í Grindavík, þar sem hún sat í kirkjunni í gær að undirbúa predikun sína fyrir aðfangadagskvöld.

Í fyrradag, aðeins þremur dögum eftir að vísindamenn lýstu formlega yfir lokum eldgossins í Geldingadölum, hófst aftur jarðskjálftahrina sem skekur íbúa Grindavíkur mest allra. Aðspurð játaði séra Elínborg að náttúruhamfarirnar og heimsfaraldurinn myndu að einhverju leyti setja mark sitt á jólapredikun hennar.

„Það eru breytingar í heiminum, bæði út af Covid, náttúruhamförum og loftslagsbreytingum. Jólin eru svo miklir töfrar. Oftar en ekki erum við kölluð til þess á aðfangadagskvöldi að rýna í okkur, það er þannig andrúmið. Ég held að ég kalli fólk til þess að skoða sitt eigið líf og hvernig lífi það vill lifa í breyttum heimi þar sem þarf að aðlaga sig og breyta afstöðu sinni,“ sagði Elínborg.

Þegar rætt var við Elínborgu í gær var alveg óljóst hvort skjálftarnir myndu halda áfram. „Ef þetta er aftur komið á hreyfingu þá erum við kölluð aftur inn í þetta ferli sem við vorum í og auðvitað eru margir mjög uggandi. Þú getur ekki stjórnað þessari jörð; hvort hún hristist eða ekki. Fólk verður dálítið hrætt og sefur ekki. En flestir eru nokkuð æðrulausir gagnvart þessu,“ sagði sóknarpresturinn.

Við venjulegar aðstæður komast allt að 450 fyrir í Grindavíkurkirkju en í tveimur messum á aðfangadag og á jólanótt verður aðeins pláss fyrir 150 í þremur 50 manna hólfum. Að auki verður helgihaldinu streymt á vefnum. ■

> Ég held að ég kalli fólk til þess að skoða sitt eigið líf og hvernig lífi það vill lifa í breyttum heimi.


Elínborg Gísladóttir, sóknarprestur í Grindavík

# Macron hyggst sækja bætur vegna sögusagna um kynleiðréttingu

hjorvaro@frettabladid.is

**FRAKKLAND** Brigitte Macron, eiginkona Emmanuel Macron, forseta Frakklands, ætlar að krefjast miskabóta vegna sögusagna sem birtust á vefsíðu hægrisinnaðra afla þess efnis að Birgitte hefði fæðst karlkyns og farið í kynleiðréttingu.

Jean Ennochi, lögmaður Macronhjónanna, greinir frá þessu í samtali við BBC. Sögusagnirnar eiga rót sína að rekja til skrifa Natöchu Rey.

Eftir að sagan var birt á téðri vefsíðu fór hún eins og eldur í sinu um samfélagsmiðla þar sem því var haldið fram að Birgitte hefði fyrir kynleiðréttingu heitið Jean-Michel Trogneux.

Þegar Emmanuel var kjörinn forseti Frakklands árið 2017 gerðu fjölmiðlar sem aðhyllast hægri arm franskra stjórnmála mikið úr þeirri staðreynd að Brigitte væri 25 árum eldri en Emmanuel.

Frakkar ganga að kjörborðinu næsta vor og kjósa sér forseta. Emmanuel hefur ekki tilkynnt um framboð en það hafa Valérie Pécresse, fulltrúi Repúblikanaflokksins og Eric Zemmour, hægrisinnaður sjónvarpsmaður, gert. ■


Forsetahjónin á góðri stundu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


Gísli Herjólfsson, forstjóri tækni- og hugbúnaðarfyrirtækisins Controlant, sem vaktar flutninga á viðkvæmum vörum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Krabbameinslyfjum fyrir tuttugu milljarða bjargað

**Hugbúnaður frá íslenska fyrirtækinu Controlant greindi að ekki var rétt hitastig á sjógámum með brjóstakrabbameinslyfjum sem senda átti frá Bandaríkjunum til Evrópu, sem kom í veg fyrir að lyfin eyðilegðust, en tjónið hefði orðið tuttugu milljarðar króna.**

elinhirst@frettabladid.is

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það urðu mannleg mistök. Þetta voru hitastýrðir sjógámar með lyfjum við brjóstakrabbameini sem áttu að fara frá Bandaríkjunum til Evrópu,“ segir Gísli Herjólfsson, forstjóri íslenska tækni- og hugbúnaðarfyrirtækisins Controlant.

„Það höfðu verið pantaðir gámar sem áttu að halda 20 stiga hita, en svo kom í ljós þeir höfðu verið stilltir á 15 gráður, sem hefði eyðilagt lyfin. Það tók enginn eftir þessu, en hugbúnaðurinn okkar nam þetta sem betur fer í tíma og það náðist að leiðrétta hitastigið,“ segir Gísli, sem var gestur í Markaðnum á Hringbraut í gærkvöldi.

„Þetta voru þrjár sendingar af lífsbjargandi krabbameinslyfjum, að andvirði um 20 milljarða íslenskra króna, þannig að þarna var gríðarlegum verðmætum bjargað frá eyðileggingu með hugbúnaðinum okkar,“ segir Gísli. Til samanburðar má geta þess að heildargjöld til umhverfismála eru rúmir 25 milljarðar króna, samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2022.

> Tækin frá Controlant eru sett með vörunum sem fluttar eru milli landa og þau senda upplýsingar upp í skýjalausnir Controlant um hvar varan er og hvort að hún sé óskemmd.
>
> Gísli Herjólfsson, forstjóri Controlant

Controlant starfar nú í öllum heimsálfum, hefur meðal annars vaktað flutninga á 25 prósentum af öllum Covid-bóluefnum til 200 landa í heiminum. Hjá fyrirtækinu starfa 350 manns og vinnur það mest með lyfjageiranum.

„Við hjálpum viðskiptavinum okkar að koma vörum sínum á leiðarenda án þess að neitt komi fyrir, með rauntímavöktun á ástandi og staðsetningu,“ segir Gísli. Til þess er notaður tækjabúnaður sem fyrirtækið framleiðir sjálft í milljónatali. Tækin eru sett með vörunum í flutningi milli landa og þau senda upplýsingar upp í skýjalausnir Controlant um hvar varan er og hvort að hún sé óskemmd.

Controlant sér einnig um að vakta allar vörur í rauntíma, allan sólarhringinn, og hefur samband við flutningsaðila ef eitthvað kemur upp á, til að koma í veg fyrir að varan skemmist.

Gísli segir að það séu þó nokkur dæmi þess að Controlant hugbúnaðurinn hafi komið í veg fyrir að mikil verðmæti færu í súginn. Hann minnist tveggja annarra lyfjasendinga, en hvor um sig hafi verið að andvirði um 7 milljarða íslenskra króna, sem hugbúnaðurinn bjargaði frá skemmdum. „Vörur í lyfjabransanum er þannig að tjónið skiptir oftast hundruðum milljóna ef ekki milljörðum, ef skakkaföll verða,“ segir hann.

Controlant er einnig með stóra viðskiptavini í matvælageiranum í Bandaríkjunum. Gísli segir að gríðarleg sóun sé í flutningi á matvælum, vegna þess hve matvæli séu viðkvæm vara. Að sögn hans er talið að um 30 til 40 prósenta rýrnun verði í flutningum á matvælum. Það sé því til mikils að vinna að koma í veg fyrir alla þá sóun, með betri vöktun. ■



# KRÓNAN

Ekkert ves í des

# OPIÐ Í DAG*

# 9-22

*OPIÐ 9-20 á Hvolsvelli, Reyðarfirði, Vestmannaeyjum, Vík og Þorlákshöfn

# 9-23

á Granda, Lindum, Mosó og Flatahrauni

**Pssst ...**

Opið á morgun

**9-15**

Afgreiðslutímar á www.kronan.is




Bjarni Benediktsson segir að ekki sé víst að sóttvarnaaðgerðirnar verði langvarandi ástand. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fullviss um að íslenskt efnahagslíf muni taka fremur hratt við sér

**Sjónvarpsþátturinn Markaðurinn var sýndur á Hringbraut í gærkvöldi. Gestur þáttarins var Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra. Rætt var um sóttvarnaaðgerðir, kjaramál og fjárlögin.**

magdalena@frettabladid.is

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra segir að ekki sé víst að sóttvarnaaðgerðirnar sem nú eru, verði langvarandi ástand. Þetta sagði hann í sjónvarpsþættinum Markaðnum, sem sýndur var í gær klukkan 19.00 á Hringbraut. Aðspurður hvort tilkoma Omíkron afbrigðisins, með tilheyrandi sóttvarnaaðgerðum, muni hafa það í för með sér að tekjur ríkisins verði minni heldur en gert var ráð fyrir í fjárlagaáætlun, segir Bjarni að hann voni að ástandið muni ekki vara svo lengi.

„Ég veit ekki hvaða áhrif þetta mun hafa. Ég vona að þetta verði ekki mjög langvarandi ástand. Maður bindur vonir við að þar sem þessi veira smitast hraðar, þá komi í ljós að fólk verði ekki jafn veikt og þá getur verið að við séum að sjá upphafið að endanum,“ segir Bjarni og bendir á að það sé þó staðreynd að ef veiran taki yfir allt og lami stóran hluta af starfsemi, muni það birtast í tekjum ríkisins.

„Ef það verður raunin þá mun það birtast í tekjum ríkisins, en einnig á gjaldahliðinni og mun birtast í breyttri afkomu. En ég trúi ekki að það muni raungerast og hef enga ástæðu til að telja að það verði niðurstaðan. Ef aftur á móti þetta gengur hratt yfir, þá er ég fullviss um að íslenskt efnahagslíf muni taka hratt við sér. Ég hef til að mynda gríðarlega trú á ferðaþjónustunni og er einnig bjartsýnn fyrir hönd annarra geira.“

> Kjarasamningsaðilar verða líka að spyrja sig hvaða lóð þeir geta lagt á vogarskálarnar ... Kjarasamningarnir sjálfir geta haft áhrif á það hvernig verðbólgan þróast.

Í þættinum var einnig rætt um kjaramál, en kjarasamningar eru lausir á næsta ári og forystumenn verkalýðshreyfingarinnar hafa gefið það út að þeir muni sækja launahækkanir í tengslum við hagvaxtaraukann og forsvarsmenn atvinnulífsins hafa sagt að svigrúm til launahækkana sé ekki mikið. Aðspurður hvort hann telji að komandi kjaraviðræður verði erfiðar, eða hvort hann telji að breið samstaða náist, segir Bjarni að þessar lotur séu almennt snúnar og erfiðar.

„Það leiðir meðal annars af því hversu margbrotin lotan er. Þetta eru svo margir samningar sem þarf að loka. Þannig að fyrir þær sakir þá verður þetta alltaf dálítið snúið, en ég held að það sem er áhugavert í aðdraganda kjarasamninga sé að við erum með önnur viðfangsefni nú heldur en við höfum verið með,“ segir Bjarni og bætir við að áður höfum við verið með tímabil þar sem skuldir heimilanna hafi verið sérstakt áhyggjuefni og áður hafi vextir verið tiltölulega háir og krafan um lækkun á vöxtum verið hávær.

„Auðvitað er alltaf undirliggjandi krafa um vaxandi kaupmátt og það hefur verið vöxtur í kaupmætti á undanförnum árum. Við höfum áhyggjur af verðbólgunni sem hefur verið að mælast um 5 prósent og veltum fyrir okkur leiðum til að stemma stigu við henni.“

Hann bætir við að kjarasamningarnir sjálfir geti haft áhrif á það hvernig verðbólgan þróast.

„Það er mikilvægt að styðja Seðlabankann í að halda aftur af vexti verðbólgunnar, en kjarasamningsaðilar verða líka að spyrja sig hvaða lóð þeir geti lagt á vogarskálarnar. Þetta samtal er rétt að hefjast og það kann að vera að það séu atriði í stjórnarsáttmálanum sem geti ýtt undir farsæla kjarasamningsgerð. En það er langbest að koma inn í svona lotur bjartsýnn um að niðurstaðan geti verið góð fyrir alla.“ ■




20% AFSL. AF SKÍÐAPÖKKUM FRAM AÐ JÓLUM
Á AÐ SKELLA SÉR Í BREKKURNAR Í JÓLAFRÍINU?
ÚTILÍF | í jólaskapi



GLEÐILEGA HÁTÍÐ
STJÖRNU
PARTÝ
Skrúfur, flautur, franskar og hringir
4x-mix
Með papriku
VOGA
ídýfa
KRYDD
175 g
STJÖRNU
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA FRÁ 1988
VOGABÆR

# Hágæða franskir ostar í miklu úrvali




**HAGKAUP**

# Við einföldum jólin fyrir þig

Tilbúnir eftirréttir á veisluborðið þitt




**Súkkulaðimús með trompi**




**Ris a la mande**




**Karamellu-ostadesert**




**Jólaostadesert**



**Tengdamömmu-tungur**

999 kr/pk




**Snowdonia ostar**

Verð frá 779 kr/stk




**Snowdonia sultur**

579 kr/stk




# HAGKAUP

# Hagkaups Hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum til að tryggja hámarks gæði. Hryggurinn er léttsaltaður og léttreyktur sem skilar sér í einfaldari eldun. Hrygginn þarf því ekki að forsjóða heldur einungis að elda í ofni.



## Gljái fyrir hamborgarhrygg

599 kr/stk





## Hagkaups hangikjötið

Tað- og birkireykt fyrsta flokks íslenskt lambakjöt. Í hangikjötið er notað 45% minna salt en notað er við hefðbundna hangikjötsframleiðslu. Engu að síður hefur tekist að framleiða hangikjöt með sama bragði.

## Smjörsprautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.



Tindaborgir Kirkjunnar séðar úr austri. Hrútfjallstindarnir fjórir sjást vel vinstra megin á myndinni og Efri- og Neðri-Dyrhamar nær. Fjær sést lengst inn á Vatnajökul. MYND/TÓMAS GUÐBJARTSSON

# Dómkirkja íslenskra tinda

Tómas Guðbjartsson
hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi

Ólafur Már Björnsson
augnlæknir og ljósmyndari

Á Íslandi er ógrynni örnefna þar sem orðið kirkja kemur fyrir í nafnlið, og á það sérstaklega við um fjöll sem eiga sameiginlegt að svipa til tilkomumikilla kirkjubygginga. Má þar nefna Kirkjufell við Grundarfjörð, nokkrar Tröllakirkjur og óteljandi Álfakirkjur. Í hlíðum Öræfajökuls, norðan ísfalls Svínafellsjökuls og mitt á milli Hvannadalshnjúks og Hrútsfjallstinda, er 1.695 metra hár tindur sem kallast Tindaborg en er einnig nefndur Fjallkirkja, Tröllakirkja og einfaldlega Kirkjan. Kirkjunafnið kemur ekki á óvart því tindurinn minnir helst á kaþólska dómkirkju sem prýdd er óteljandi kirkjuturnum. Á sumrin sjást svartir hamraveggir Kirkjunnar vel úr Skaftafelli en á veturna er hún ekki síður tilkomumikil, klædd þykkri ísbrynju sem gaman er að sjá í návígi.

> Fyrir svefninn fara líklega flestir með bænir, enda getur verið stutt á milli feigs og ófeigs á þessari ókrýndu náttúrulegu dómkirkju Íslands.

Það er snúið að klífa Kirkjuna og aðeins á færi mjög vanra fjallamanna. Bergið er afar laust í sér og því ekki ráðlegt að klífa hana nema á snjó og ís frá mars og fram í maí og þá með ísklifurbúnað. Nokkrar leiðir eru í boði að Kirkjunni og ekki nauðsynlegt að klífa sjálfan Kirkjuturninn, heldur má einfaldlega ganga í kringum hana. Algeng leið liggur upp austanverðan Svínafellsjökul og síðan stefnt á vestari hlið Kirkjunnar og norður fyrir hana. Önnur leið liggur norður fyrir Hvannadalshnjúk og þannig komist að norðurhlíðum hennar. Loks má sveigja til vesturs af leiðinni upp á Hvannadalshnjúk og halda norðan Efri-Dyrhamars að austurhlíðum Kirkjunnar, en þar líkist hún helst hanakambi. Síðustu 100 metrarnir upp á tindinn eru snúnir en norðausturhlíðarnar eru víða í kringum 60-70° og er þessi ísklifurleið með þeim erfiðustu á Íslandi. Efst á Kirkjunni er lítið pláss og því hvorki stund né staður fyrir mannfögnuði. Útsýnið er hins vegar frábært, ekki síst yfir að Hrútsfjallstindum, Hvannadalshnjúk og Efri-Dyrhamri. Á leiðinni heim geta sprækir spreytt sig á bröttum Efri-Dyrhamri en eftir það má halda niður á láglendi eftir sprungnum Virkisjökli eða enn fáfarnari Hvannadalshrygg. Þar sem ganga á hæsta tind Kirkjunnar getur tekið allt að sólarhring eru margir sem kjósa að slá upp tjaldi á leiðinni eða gista í snjóhúsi. Fyrir svefninn fara líklega flestir með bænir, enda getur verið stutt á milli feigs og ófeigs á þessari ókrýndu náttúrulegu dómkirkju Íslands. ■



Umhverfi Kirkjunnar, eða Tindaborgar, er gjörsamlega magnað og sæmir dómkirkju. Hvannadalshnjúkur í bakgrunni og Efri-Dyrhamar lengra til hægri. MYND/ÓMB



Efst minnir Kirkjan á hnífsegg og því er pláss á toppnum af skornum skammti. Hér er horft í áttina að vesturhlíðum Hvannadalshnjúks. MYND/GUÐMUNDUR FREYR JÓNSSON


Embla Thermore® Ecodown® dúnjakki Kr. 17.990.-
ENGEY Húfa með mynstur beggja vegna
Kr. 2.790.-
SNÆDÍS prjónað ennisband
Kr. 2.990.-
HIMINN barna hettupeysa
Kr. 6.990.-
RÖKKVI Göngubuxur
Kr. 11.990.-
SVARTANES Merinó ullarbuxur
Kr. 3.990.-
Vinir fá sérkjör
Skráning á icewear.is
SIGURÐUR Boxer 3 í pakka
Kr. 4.990.-
VIÐAR Ullarhúfa
Kr. 3.990.-
FJÖRÐUR Hanskar með gripi
Kr. 2.990.-
HVÍTANES Merino peysa
Kr. 13.990.-
LYNG Ullarsokkar
Kr. 1.590.-
HLÝJA Ullarteppi
kr. 15.990.-
FUNI dúnúlpa
Kr. 33.990.-
Vindur úlpa fyrir börn
Kr. 18.990.-
ICEWEAR ICELAND
SVARTANES Merinó ullarbolur
Kr. 7.990.-
MINNA Merínó ullarpeysa
Kr. 19.990.-
HEIMAEY Hálskragi
kr. 6.990.-
VIÐAR Ullarvettlingar
kr. 3.990.-
FÍFA síð Ecodown® úlpa
Kr. 29.990.-
Hlýjar gjafir
ICEWEAR MAGASÍN
KRINGLAN · LAUGAVEGUR 91 · SMÁRALIND
HVÍTANES Merínó lambhúshetta
Kr. 4.990.-
VIGUR ullarhúfa
kr. 3.990.-
HVÍTANES Merino buxur
Kr. 11.990.-
RUMUR flannel skyrta
Kr. 9.990.-
Helly Hansen Fremont
Kr. 26.990.-
STRAUMNES Barna merino ullarpeysur
Kr. 4.490.-
GRÍMSEY Hanskar
Kr. 2.900.-
HVÍTANES Merino ungbarnagalli
Kr. 8.990.-
SVARTANES Merínó ullarbuxur
Kr. 9.990.-
ELÍ Flíspeysa
Kr. 11.990.-
STEINAR Coolmax göngusokkar
Kr. 1.490.-

# Pólitísk ólund



**Sigmundur Ernir Rúnarsson**
ser
@frettabladid.is

Ekki sér fyrir endann á foringjavandræðum Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, en hann hefur engan veginn náð sér á strik eftir brotthvarf Davíðs Oddssonar úr stóli borgarstjóra fyrir réttum þremur áratugum.

Tími sterka flokksins sem átti borgina er liðinn – og líklega er það pólitískur ómöguleiki að hann nái að nýju hreinum meirihluta í Reykjavík, sem lengi fram eftir síðustu öld þótti vera sjálfsagt mál.

Kemur hér fernt til sögunnar. Stjórnmálaflokkar eiga ekki lengur kjósendur sína í þeim mæli sem áður var, þegar móta sást fyrir flokksstimplinum á skírnarvottorði nýfæddra barna. Auðveldara hefur verið á síðustu fjórum áratugum að stofna nýja flokka og halda þeim úti lengur en eitt kjörtímabil. Tími sterkra og valdasækinna foringja er ekki lengur ávísun á árangur í pólitík – og svo eru það örlög gamalla flokka að sitja uppi með gamaldags áherslur, sem meginþorri ungra kjósenda hefur engan áhuga á að gera að sínum.

Og það síðastnefnda virðist vera raunin hjá Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík, að minnsta kosti þeim parti hans sem nú leiðir listann, en trúin á tilveru bílastæða og breiðra akbrauta þvers og kruss um borgina ætlar seint að bila að einhverju ráði.

Og einu atriði má raunar bæta við þessa upptalningu, en það er sú staðreynd að gamlir Sjálfstæðismenn sem muna stórkostlega tíma í valdasögu flokksins í Reykjavík, hafa einfaldlega ekki getað unnað öðrum þess að stjórna borginni, og hafa tamið sér orðbragð í garð andstæðinganna sem fremur er sæmandi áhugafólki um einræði, en lýðræði. Annað orð yfir þessi ósköp er pólitísk ólund – og það verður að segjast alveg eins og er að það stafar engum sérstökum kjörþokka af því geðslagi.

Þessa varð fyrst vart eftir áfallið 1978, það mikla vinstra ár, þegar fimm fulltrúar Alþýðubandalagsins náðu völdum með fulltingi tveggja krata og eins úr Framsókn. En eftir að Davíð Oddsson náði flokknum að nýju yfir fimmtíu prósentin í kosningunum 1982, héldu sannfærðir flokksmenn að vinstrislysin yrðu ekki fleiri. Og allt útlit var fyrir að svo yrði. Davíð átti borgina. Í kosningunum 1990 fékk hann yfir sextíu prósenta fylgi, sem skaut honum í landsmálin.

En þar með var loftið búið í blöðrunni. Eftir það hafa eins kjörtímabils oddvitar komið og farið. Og von er á þeim áttunda. Í minnihluta. ■

> „Annað orð yfir þessi ósköp er pólitísk ólund – og það verður að segjast alveg eins og er að það stafar engum sérstökum kjörþokka af því geðslagi.




## Halldór




## Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

**Hrærð í jólamessu**
Jörð er farin að skjálfa að nýju á Reykjanesskaga með tilheyrandi hristingi í Grindavík. Er það ekki sú jólagjöf sem hefur verið efst á óskalistum íbúanna þar, eftir ókyrrðina fyrr á árinu í aðdraganda eldgossins í Geldingadölum. Þrátt fyrir jarðhræringar og veirufár er sóknarpresturinn á staðnum ekki af baki dottin og efnir til helgihalds með tveimur messum á aðfangadag. Væntanlega er ætlunin að reyna að hrista söfnuðinn betur saman.

**Nýtt tímabil hefst**
Þríeykið magnaða birtist aftur í dag á skjám landsmanna. Telst til að þetta sé fimmta sería þeirra Víðis, Ölmu og Þórólfs í ræðupúltinu. Flestir eru sammála um að fyrstu fjórar seríurnar hafi verið góðar, með gestaleikurum sem slógu í gegn. Punkta-Palli frá Landspítalanum, Bingi frá Viljanum og fjölmiðlafólk með fyndinn bakgrunn, hefur glatt landsmenn á erfiðum tímum. Eitt þykir víst:
Jólaræða Víðis mun verða skarpari en áður og ekki ólíklegt að ódauðlegar setningar úr fyrri seríum fái að hljóma með. „Við höfum gert þetta áður,“ og hver getur gleymt „við getum gert þetta saman,“ með augun beint í myndavélina. Þjóðin, sem nú vinnur heima, mun sitja límd við skjáinn sem fyrr. ■

# Takk



**Hjördís Inga Guðmundsdóttir**
sálfræðingur

Ég smellti mér í sýnatöku í morgun, ekki í fyrsta skiptið. Þar sem ég stóð í hálfskílómetra röðinni klukkan 9.15 í morgun rétt fyrir jól þá hugsaði ég hvað allir væru ábyrgðarfullir. Mættir í sýnatöku og hraðpróf um leið og opnar.

**Tvö ár**
Ég fór að hugsa um allt fólkið sem hefur staðið vaktina í núna bráðum tvö ár. Allt frá unga manninum sem stendur í dyragættinni með sprittbrúsann og athugar hvort allir séu með strikamerki og biður fólk um að vinsamlegast standa á græna blettinum, að fólkinu sem skannar strikamerkin og lætur okkur fá sérmerktu sýnaglösin okkar.

Þar sem ég beið svo eftir að fara inn í grænleita herbergið þar sem sýnin eru tekin ómaði ljúf rapptónlistin úr herberginu. Væntumþykja braust fram inni í mér og gat ég ekki annað en brosað á bak við grímuna. Brosandi augu mættu mér og bauð hann mér góðan daginn og benti mér á hvert ég skyldi fara. Þar tók sýnatökumaðurinn á móti mér, og ekkert nema elskulegheitin, boraði hann í nös og munn og óskaði mér svo góðs dags.

**Hið góða í fólki**
Þetta er ekki bara svona á Suðurlandsbraut 34 heldur úti um allt land. Svo er líka fólkið sem vinnur úr sýnunum, fólkið sem þrífur og sótthreinsar allt þegar upp kemur Covid á vinnustöðum. Smitrakningarteymið sem þarf að rekja hvar hugsanleg smit hafa orðið. Læknar, hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar og fleira fólk sem er búið að taka á sig aukavinnu og álag frá því að Covid hófst.

Þetta er ástæðan fyrir að ég hef trú á hinu góða í fólki. Það er gott að sjá að þegar eitthvað herjar á okkur þá tökum við okkur til og hjálpumst að því við erum samfélag.

Því vildi ég bara segja, takk. Takk fyrir að gera þetta fyrir okkur og vonandi eigið þið gleðilega hátíð. ■

> „Þetta er ástæðan fyrir að ég hef trú á hinu góða í fólki.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Þorlákur og þjóðkirkja

## Af Kögunarhóli



Þorsteinn Pálsson



Messa heilags Þorláks að vetri markar lok jólaföstu. Lengst af á minni tíð var þessi dagur verslunarhátíð ársins. Nú hefur svartur fössari fyrir jólaföstu tekið við því hlutverki.

Um miðaftan á morgun gengur svo í garð stærsta andlega hátíð ársins. Hver nýtur hennar að sínum hætti.

**Undarlegt sambland**

Allir eru þessir dagar undarlegt sambland andlegra og veraldlegra verðmæta. Um leið eru þeir áminning um hversu slungið það er að vefa þessi verðmæti í einn vef svo vel fari.

Sumir fagna hækkandi sól. Aðrir fagna fæðingu frelsarans. Og svo eru þeir mörgu sem fagna hvoru tveggja. En einhverjir hafa þó ekki eða finna ekki tilefni til að gleðjast.

„Það er eins og með jarðskjálftana sem skekja grunninn hjá okkur, þá skekur Covid-tíminn tilfinningalíf margra," segir Sigurður Árni, um starfið á tímum fjöldatakmarkana. „Það eru margir sem vilja gjarnan komast í kirkju en eru dálítið hræddir við það. Við verðum með streymi á vefnum og ég heyri að það verður fólk úti um allan heim sem mun fylgjast með þar. Það finnst mörgum það vera það himneskasta sem það getur upplifað – að fá að vera í Hallgrímskirkju og syngja sálmana, eða í það minnsta að fylgjast með að heiman."

Sigurður Árni segir að það sé að mörgu leyti merkilegur tími runninn upp í trúmálum Íslendinga. „Trúin skiptir æ meira máli, en stofnanirnar æ minna máli," segir hann. „Það er skemmtilegt, verðugt og krefjandi verkefni að horfast í augu við það." Þá segir Sigurður að í Hallgrímskirkju sé fyrst og fremst verið að reyna að mæta trúarþörfum fólks hvaðanæva að. „Við þjónum aðeins öðruvísi hlutverki en hverfis- og byggðarlagskirkjurnar, sem sinna aðallega nærumhverfinu," segir hann. „Við þjónum nefnilega nærumhverfinu, fjærumhverfinu og heimsumhverfinu líka." ■



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Guðmundu Jóhönnu Dagbjartsdóttur**
Sörlaskjóli 9.

**Jóhanna Pétursdóttir** **Ingimar Þorkelsson**
**Magnús Pétursson** **Kristín Guðmundsdóttir**
**Ólöf Pétursdóttir** **Þorsteinn Njálsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður og vinur, pabbi okkar, tengdapabbi og afi,

**Hjörtur Ágúst Magnússon**
húsasmíðameistari og kennari,

lést þriðjudaginn 14. desember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 28. desember kl. 13.00. Gestir eru hjartanlega velkomnir, en eru beðnir um að framvísa neikvæðu gildu Covid-prófi. Streymt verður frá athöfninni á https://livestream.com/luxor/jardarforhjartar Hlekk á streymi má einnig nálgast á www.mbl.is/andlat

**Sigurlín Jóna M. Sigurðardóttir**
**Inga Kolbrún Hjartardóttir** **Vilhjálmur Hallgrímsson**
**Sigurður Ágúst Hjartarson** **Ásdís Birta Gunnarsdóttir**
**afabörn.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Egill Skúli Ingibergsson**
verkfræðingur,

lést þann 22. desember á líknardeild LSH. Útförin auglýst síðar.

**Kristjana Skúladóttir** **Þórólfur Óskarsson**
**Valgerður Skúladóttir** **Gunnar Helgi Sigurðsson**
**Inga Margret Skúladóttir** **Ólafur Björnsson**
**Davíð Skúlason** **Fanney Dóra Hrafnkelsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elsku móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**Steinunn Steinarsdóttir**
Boðagranda 2,

lést fimmtudaginn 16. desember. Útförin fer fram í Seltjarnarneskirkju þriðjudaginn 28. desember kl. 13.00.

Gestir vinsamlegast framvísi gildu hraðprófi.

**Steinar Guðnason** **Jóhanna Runólfsdóttir**
**Guðni Steinarsson** **Hildur Margrét Nielsen**
**Ægir Steinarsson** **Ása Þórdís Ásgeirsdóttir**
**Ingibjörg Steinunn, Hugrún Anna og Elín Fanney**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts elsku eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Auðar Ólafsdóttur**
ritara,

sem lést 11. nóvember og verður jarðsett í dag, 23. desember. Sérstakar þakkir fær HERA líknarheimaþjónusta Landspítalans og taugadeild Landspítalans, fyrir aðhlynningu og vináttu.

**Stefán Bjarnason**
**Ólafur Stefánsson** **Guðlaug Eiríksdóttir**
**Helga Stefánsdóttir** **Jóhann Ingi V. Magnússon**
**ömmubörn og langömmubörn.**



Okkar ástkæri

**Einar E. Sigurðsson**
kjötiðnaðarmaður,
Hvassaleiti 22,

lést á hjúkrunarheimilinu Hömrum 13. desember sl. Útför fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 28. desember kl. 13.00. Í ljósi aðstæðna munu aðeins nánustu aðstandendur verða viðstaddir athöfnina.

**Þorgrímur E. Sigurðsson**
**Ingvi Jón Einarsson**
**Berglind M. Njálsdóttir**
**Ásta V. Njálsdóttir**
**Anna V. Ólafsdóttir**

Um leið og við óskum ykkur gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári, þökkum við viðskiptin
á árinu sem er að líða. **Gleðilega hátíð.**

epal




*Upp á stól stendur mín kanna*

## Veðurspá Fimmtudagur




Norðaustlæg eða breytileg átt, 3-10 m/s og dálítil él við N- og A-ströndina í dag, en annars víða léttskýjað og frost 0 til 10 stig, kaldast í innsveitum á NA-landi, en frostlaust syðst. ■







## Skák Gunnar Björnsson

**Svartur á leik**



Bronstein átti leik gegn Barcza í Búdapest árið 1949.

**1...Rxd3! 2. Dxf5 Rxe1!** (hótar 3...Rf3#). **3. Kf1 Rc2+! 4. Bc1 Hxc1+ 5. Ke2 Rd4+ 6. Kd2 Rb3+ 0-1.**
HM í at- og hraðskák hefst annan dag jóla í Varsjá. Magnús Carlsen verður meðal keppenda.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir ■

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1 stybba
5 missir
6 átt
8 málaleitun
10 tveir eins
11 máleining
12 reitur
13 hnarreist
15 reiknirit
17 gúbba

**LÓÐRÉTT**
1 stuttnefni
2 gætni
3 gargi
4 svipan
7 snerting
9 dálitlu
12 arra
14 krap
16 íþróttafélag

**LÁRÉTT:** 1 svæla, 5 tap, 6 nv, 8 erindi, 10 ii, 11 orð, 12 skák, 13 keik, 15 algrím, 17 gaura.
**LÓÐRÉTT:** 1 steinka, 2 vari, 3 æpi, 4 andrá, 7 viðkoma, 9 nokkru, 12 siga, 14 elg, 16 ír.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | | | | | 5 | 9 |
| 8 | | | | 3 | 7 | 1 | | |
| | | | 4 | | | | | 2 |
| | | | | | | 7 | 3 | |
| | 5 | 9 | 6 | 7 | | 2 | 8 | |
| 6 | | 1 | | 8 | | | 4 | 5 |
| | | | 5 | 1 | | 6 | | |
| | 6 | | 8 | | | | | 3 |
| | | | | | | | | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | 3 | | | | | |
| | 1 | 6 | 8 | | 7 | | | 3 |
| | | 4 | | | 2 | 6 | | |
| | | 9 | | 3 | | | 1 | 5 |
| 5 | | | 1 | | | 2 | | |
| 8 | 3 | | | | | | | |
| | | | | 2 | 6 | | | |
| | | | 7 | | | 3 | 9 | |
| | | | 4 | 8 | | | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# HUMAR



## KRISTJÁNSSYNIR

### TAKA VEL Á MÓTI ÞÉR



Fiskikóngurinn

Sogavegi 3 • Höfðabakka 1
Sími 555 2800



Jónas Ásgeir leikur í Hörpu.

## Konsert í Hörpu

kolbrunb@frettabladid.is

Sunnudaginn 2. janúar næstkomandi mun Jónas Ásgeir Ásgeirsson flytja harmóníkukonsert Finns Karlssonar í Norðurljósasal Hörpu ásamt kammersveitinni Elju. Konsertinn var saminn 2020 og hlaut viðurkenninguna Tónverk ársins á Íslensku tónlistarverðlaunum 2021.

Konsertinn, sem heitir einfaldlega Accordion Concerto eða Harmóníkukonsert, verður jafnframt hljóðritaður daginn eftir tónleikana sem hluti af nýrri plötu Jónasar með íslenskri tónlist fyrir klassíska harmóníku.

Önnur verk á plötunni verða meðal annars áður óþekkt kammerverk eftir Atla Heimi Sveinsson og Þorkel Sigurbjörnsson, verk eftir Atla Ingólfsson og Friðrik Margrétar-Guðmundsson og nýtt einleiksverk eftir Þuríði Jónsdóttur. ■



Fríða Ísberg rithöfundur.

## Merking fer víða

kolbrunbfrettabladid.is

Skáldsagan Merking eftir Fríðu Ísberg hefur nú verið seld til 14 málsvæða.

Merking vann nýlega Bóksalaverðlaunin og hlaut tilnefningu til Fjöruverðlaunanna. Faber & Faber keypti réttinn í Bretlandi en fyrirtækið gefur út bækur eftir fremstu rithöfunda heims eins og Milan Kundera, Sally Rooney og Kazuo Ishiguro. ■



# Það viðkvæma og fíngerða



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb
@frettabladid.is

**Helena Margrét Jónsdóttir sýnir í Plan X Art Gallery í Mílanó á Ítalíu. Þetta er fyrsta einkasýning Helenu Margrétar utan landsteinanna.**

Sýningin var opnuð 1. desember og stendur til 18. janúar. Hún hefur yfirskriftina Liquida og sýningarstjóri er Sasha Bogojev. Helena Margrét sýnir tíu verk unnin í olíu og akrýl á striga.

„Myndirnar sýna manneskju og líkama hennar sem lúta sömu lögmálum og vökvi. Áherslan er á hreyfingu, flæði og endurspeglun og það hvernig hlutir brenglast í vatni og vökva. Hún er að hellast, sullast, leka, bráðna, drjúpa og fljóta," segir Helena Margrét og tekur dæmi: „Persónan er kannski að hellast úr flösku yfir í vínglas, hún sullast síðan þaðan og myndar poll á öðru verki. Í myndunum er mikið af flöskum, glösum og gleri sem endurspegla brothætt ástand persónanna sem geta skolast burt. Um leið og ég er að sýna það viðkvæma og fíngerða er ég að fanga hreyfingu á því augnabliki sem hún á sér stað. Samtímis sé ég fyrir mér það sem gerðist rétt áður en myndefnið varð til og það sem mun gerast eftir á."

Öll verkin á sýningunni seldust rétt fyrir opnun og á opnuninni sjálfri. Allnokkrir kaupendur eru erlendir listaverkasafnarar. „Viðtökurnar komu mér mjög á óvart," segir Helena Margrét. Hún segir ákaflega gaman að geta loks sýnt verk í sýningarsal. „Eftir að hafa verið í Íslandsbúbblunni í Covid var óskaplega gaman að fara utan og sýna þar. Allan tímann úti var ég með smá óraunveruleikatilfinningu."

Helena Margrét lærði myndlist við Myndlistarskólann í Reykjavík, Konunglega listaháskólann í Haag í Hollandi og útskrifaðist með BA-gráðu í myndlist úr LHÍ árið 2019.

Fram undan hjá henni er undirbúningur fyrir sýningu í Ásmundarsal í október, það verður samsýning hennar og kærastans Hákonar Arnar Helgasonar sviðshöfundar. „Við munum vinna ferlið saman og sameina sviðsverk og myndlist," segir Helena Margrét. ■



„Viðtökurnar komu mér mjög á óvart," segir Helena Margrét. MYND/AÐSEND



Segja má að slegist hafi verið um myndir Helenu Margrétar en þær seldust allar, fyrir sýningu og á opnuninni.

**"**

**Myndirnar sýna manneskju og líkama hennar sem lúta sömu lögmálum og vökvi.**




Bubbi Morthens
Í KVÖLD
Í BEINNI FRÁ ELDBORG HÖRPU KLUKKAN 22
BUBBI
VELDU ÞÍNA LEIÐ TIL AÐ HORFA!
SKANNAÐU KÓÐANN
WWW.BUBBI.IS
Síminn
vodafone
Coca-Cola






# Fimmtudagur

## Hringbraut

**18.30 Saga og samfélag - Rut Ingólfsdóttir (e)** Endursýndur þáttur frá 3. mars 2021.
**19.00 Mannamál - Steinunn Sigurðardóttir (e)** Endursýndur þáttur frá 21. október 2021.
**19.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta (e)** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum.
**20.00 Sir Arnar Gauti (e)** Lífsstílsþáttur með Arnari Gauta sem fjallar um heimili, hönnun, matar- og veitingahúsamenningu, arkitektúr og margt fleira.
**20.30 Saga og samfélag - Rut Ingólfsdóttir (e)**
**21.00 Mannamál - Steinunn Sigurðardóttir (e)**

## RÚV Sjónvarp

**08.00 KrakkaRÚV**
**08.01 Refurinn Pablo**
**08.06 Tölukubbar**
**08.11 Sögur snjómannsins**
**08.19 Poppý kisukló**
**08.30 Rán - Rún**
**08.35 Sammi brunavörður**
**08.45 Skotti og Fló**
**08.52 Blæja**
**08.59 Konráð og Baldur**
**09.12 Múmínálfarnir**
**09.34 Eldhugar**
**09.38 Hvolpasveitin**
**10.00 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**10.15 Jóladagatalið. Jólasótt**
**10.40 Gamla brúðan**
**11.00 Fjörskyldan**
**11.45 Heimaleikfimi**
**11.55 Kastljós**
**12.10 Menningin**
**12.15 Jólapopppunktur**
**13.20 Aðstoðarmenn jólasveinanna** Jólagarðurinn.
**13.25 Jól með Price og Blomsterberg**
**13.50 Jólaveröld sem var** Fúmm, fúmm, fúmm.
**14.45 Hraðfréttajól**
**15.15 Jólatónar** Þáttur frá 2007 þar sem flutt eru jólalög sem hafa verið leikin og sungin í Sjónvarpinu á ýmsum tímum allt frá 1980.
**15.55 Á götunni - Jólaþáttur**
**16.30 All I Want for Christmas** Eina jólaóskin.
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Jóladagatalið. Saga Selmu**
**18.14 Jóladagatalið. Jólasótt**
**18.38 Jólamolar KrakkaRÚV**
**18.45 Krakkafréttir**
**18.50 Jólalag dagsins** Katrín Halldóra - Þorláksmessukvöld.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastjólaljós**
**20.10 Andersen smiður og jólasveinninn. Snekker Andersen og Julenissen**
**21.25 Herra Bean - Jólaþáttur** Sígildir breskir gamanþættir frá árunum 1990-1995.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.25 Ég kemst í jólafíling - Baggalútur í Háskólabíói**
**23.35 Mónu Lísu brosið. Mona Lisa Smile**
**01.30 Dagskrárlok**

## Stöð 2 Golf

**07.00 The PLAYERS Championship** Útsending frá The Players Championship á PGA mótaröðinni.
**13.00 The PLAYERS Championship**
**19.05 PNC Championship** Hápunktarnir úr Champions Tour mótunum.
**20.00 Arnold Palmer Invitational**

## Sjónvarp Símans

**08.00 Madagascar 3. Europe's Most Wanted - ísl. tal**
**09.30 Draumur - ísl. tal**
**10.50 Snæþór. Hvíta górillan**
**12.15 Bachelor in Paradise**
**13.55 How the Grinch Stole Christmas**
**15.40 Fuglaborgin - Ísl. tal**
**17.05 Fjársjóðsflakkarar (45.52)**
**17.15 Fjársjóðsflakkarar (46.52)**
**17.30 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
**17.35 A Christmas for the Books**
**19.05 Jóladagatal Hurðaskellis og Skjóðu**
**19.10 Jólagestir Björgvins 2019**
**21.00 Surviving Christmas**
**22.35 Bad Santa**
**00.05 Now You See Me 2**
**02.10 Book Club**
**03.50 Tónlist**

## RÚV Rás eitt

**06.55 Morgunbæn og orð dagsins**
**07.00 Fréttir**
**07.04 Lofthelgin**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.05 Jólakveðjur**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Jólakveðjur**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Jólakveðjur**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Jólakveðjur**
**12.00 Fréttir**
**12.20 Hádegisfréttir**
**13.00 Dánarfregnir**
**13.05 Jólakveðjur**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Jólakveðjur**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Jólakveðjur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Jólakveðjur**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Jólakveðjur**
**18.00 Kvöldfréttir**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Jólakveðjur**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Jólakveðjur**

## Stöð 2 Bíó

**11.30 How the Grinch Stole Christmas** Ævintýraleg gamanmynd frá 2000 með Jim Carrey fyrir alla fjölskylduna.
**13.10 Christmas Next Door**
**14.35 Uncle Buck**
**16.15 How the Grinch Stole Christmas**
**17.55 Christmas Next Door**
**19.20 Uncle Buck**
**21.00 Colette**
**22.45 Fatman** Mel Gibson fer með aðalhlutverk í þessari öðruvísi jólamynd frá 2020. Óvenjulegur jólasveinn berst í bökkum við að reyna að bjarga lífsviðurværinu. Á sama tíma þarf hann að berjast við leigumorðingja sem 12 ára gamalt, óánægt barn sendir á hann.
**00.25 Knives Out** Bráðfyndin og spennandi ráðgáta frá 2019 með Daniel Craig, Chris Evans, Jamie Lee Curtis og fleiri stórgóðum leikurum. Þegar hinn þekkti glæpasagnahöfundur Harlan Thrombley finnst látinn á heimili sínu, rétt eftir 85 ára afmæli sitt, er hinn hnýsni en jafnframt háttprúði rannsóknarlögreglumaður Benoit Blanc ráðinn til að rannsaka málið.
**02.30 Colette**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.15 The Mentalist**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Jóladagatal Árna í Árdal**
**09.35 Gilmore Girls**
**10.20 Fantasy Island**
**10.40 Aðventan með Völu Matt**
**11.05 The Office**
**11.30 Friends**
**11.50 Friends**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 McMillions**
**13.50 X-Factor Celebrity**
**15.10 MasterChef Junior**
**15.55 The Titan Games**
**16.35 Jólaboð Evu**
**17.25 Bold and the Beautiful**
**17.50 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Þetta reddast Sykur, sætt og allt sem er.. ætt? Einum færasta plötusnúð landsins er margt til lista lagt, en verður þó seint talin vera stjörnukokkur og hefur í rauninni lítið vit í eldhúsinu. Hún fær því til sín góða gesti sem aðstoða hana eftir fremsta megni við að reiða fram „dýrindis" máltíðir, við misgóðar undirtektir þegar maturinn er borinn fram.**
**19.15 Vertu með okkur um jólin**
**20.35 National Lampoon's Christmas Vacation**
**22.10 Die Hard** Bruce
**00.20 Damages**
**01.00 Damages**
**01.45 Anne Boleyn**
**02.30 War of the Worlds**
**03.25 Professor T**
**04.15 La Brea**
**04.55 Castle Rock**

## Stöð 2 Sport

**08.00 KR - Þór Ak.** Útsending frá leik í Subway deild karla.
**09.40 Tilþrifin** Í Subway deild karla 10.umferð
**10.25 Haukar - KA/Þór** Útsending frá leik í Olís deild kvenna.
**11.45 Seinni bylgjan** Í Olís deild kvenna 10. umferð.
**12.45 Tindastóll - Stjarnan** Útsending frá leik í Pepsi Max deild kvenna.
**14.25 Valur - Selfoss**
**16.10 Pepsi Max mörkin - 12. september**
**17.55 Grindavík - Keflavík** Útsending frá leik í Subway deild karla.
**19.35 Subway körfuboltakvöld**
**20.35 Topp 5** Stöð 2 Sport fékk nokkra markaskorara úr Pepsi Max deild karla til að velja topp 5 mörkin sín á ferlinum.
**20.55 KR - Þór Ak.**
**22.35 Subway Körfuboltakvöld**
**23.30 Breiðablik - Valur** Í Subway deild karla.

## Stöð 2 Sport 2

**07.40 Liverpool - Leicester**
**09.20 Tottenham - West Ham**
**11.00 Brentford - Chelsea**
**12.40 Lokasóknin**
**13.50 Tottenham - West Ham**
**15.30 Brentford - Chelsea**
**17.10 Liverpool - Leicester**
**18.50 Ensku deildabikarmörkin**
**19.20 Valencia Basket - Obradoiro** Bein útsending frá leik í spænsku úrvalsdeildinni í körfubolta.
**21.05 NFL Gameday**
**21.30 The Fifth Quarter**
**21.45 Fulham - Sheffield Wednesday**
**23.25 Valencia Basket - Obradoiro**

# Gleðileg græn jól!

*Færum okkar grænustu hátíðaróskir*
*um leið og við þökkum fyrir ánægjulegt*
*samstarf á árinu sem er að líða.*

LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

UMHVERFISMERKI

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is

## Allra best

**Bíó**
Spencer



Spencer hefur hlotið mikið lof. Atburðarásin snýst um jóladaga sem Díana prinsessa ver í Sandringhamhöll með konungsfjölskyldunni.

Í myndinni tekst einstaklega vel að skapa andrúmsloft sem er þrúgað af hefðum og þar er ekki rými fyrir frjálsan anda eins og Díönu. Það lýsir hugmyndaríki að láta vofu Önnu Boleyn, hinnar ógæfusömu eiginkonu Hinriks VIII, tala til Díönu. Samband Díönu við aðstoðarkonu sína, sem Sally Hawkins leikur, fær svo skemmtilegan snúning undir lokin.

Kristin Stewart er hreint og beint stórkostleg sem Díana og á skilið að fá Óskarinn. Gríðarlega vel gerð mynd en um leið mjög þunglyndisleg og einmitt þess vegna verður frelsunin undir lokin svo gleðileg og velkomin. ■

**Bókin**
Fagurt galaði fuglinn sá




Helgi Jónsson og Anna Margrét Marinósdóttir eru höfundar Fagurt galaði fuglinn sá, barnabókarinnar sem er rækilega að slá í gegn þetta árið. Jón Baldur Hlíðberg myndskreytir af sinni alkunnu snilld.

Í bókinni kynnist lesandinn alls konar fuglum, bæði stórum og smáum, og getur síðan hlustað á hljóðin sem hver um sig gefur frá sér. Textinn er fróðlegur en um leið stórskemmtilegur því þar er húmorinn aldrei fjarri. Ekki er skrýtið að slegist sé um bókina þessi jólin. Þetta er einfaldlega bók sem öll börn verða að eignast. ■



Sumargleðin á heimavelli sínum árið 1982. MYND/ÞG




Sumargleðin kynnir happdrætti árið 1979. MYND/EMIL



Sumargleðin: Magnús Ólafsson, Þorgeir Ástvaldsson, Ragnar Bjarnason, Ómar Ragnarsson og Hemmi Gunn, sjálfum sér líkir og í því banastuði sem þeir héldu um árabil. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Hættulegar sumargleðiblöndur Ómars

**Ómar Ragnarsson segir sögu Sumargleðinnar vera söguna sem varð að skrifa. Og það hefur hann nú gert með bókinni Af einskærri sumargleði. Þar rekur hann sögu þessa sannkallaða stórveldis, sem þeir Raggi Bjarna stofnuðu og ferðuðust um landið, með söng og gríni öll sumur frá 1971 til 1985.**

toti@frettabladid.is

Ragnar Bjarnason og Ómar Ragnarsson stofnuðu Sumargleðina fyrir hálfri öld, en hópurinn varð sannkallað stórveldi sem reis hæst undir lokin á fyrri hluta níunda áratugarins, enda voru, svo einhver séu nefnd, ekki ómerkari kempur með í för en bræðurnir Halli og Laddi, Diddú, eftirherman Karl Guðmundsson, leikararnir Bessi Bjarnason og Magnús Ólafsson, Þorgeir Ástvaldsson, Þuríður Sigurðardóttir, að ógleymdum sjálfum Hemma Gunn.

„Málið er að þegar ég byrjaði á þessari bók lá ég eftir mjög vont slys, þar sem ég beinbrotnaði og lemstraðist á sex stöðum, og gat ekkert gert annað en hugsa,“ segir Ómar, um bók sína Af einskærri sumargleði, þar sem hann rekur upphaf ferils síns sem skemmtikraftar með sérstaka áherslu á árin með Sumargleðinni og færir í letur söguna sem hann segir að hafi þurft að skrifa.

„Það hefur aldrei verið fjallað um þennan helming íslenskrar menningar, það sem elítan hefur kallað lágmenningu, en samkvæmt þeirra skilgreiningu er Mozart náttúrlega bara lágkúrulegur þegar hann semur Tumi fer á fætur. Það bara gengur ekki, sko,“ segir Ómar.

> „ **Á einu ballinu rann sviti ballgesta í taumum niður veggi og glugga á yfirfullum sal samkomuhússins.**



Ómar Ragnarsson

### Skilið við Sjálfstæðisflokkinn

„Upphaflega var ætlunin hjá þeim í Forlaginu að einhver skrifaði sögu Sumargleðinnar einnar, en þeir áttuðu sig bara ekki á því að þegar Sumargleðin var stofnuð var það bara breyting á nafni. Vegna þess að það var sama áhöfn sem sá um tveggja tíma skemmtun og dansleik á eftir eins og hafði verið hjá Sjálfstæðisflokknum 1969 og 1971.

Það var bara hljómsveit Ragnars Bjarnasonar og skemmtikrafturinn Ómar og búið. Við Ragnar stofnuðum því Sumargleðina og fórum frá flokknum, en breyttum engu öðru. Við losnuðum þó við mikið ónæði sem var farið að vera á héraðsmótunum,“ segir Ómar og bætir við að mótin hafi verið orðin full pólitísk og straumar fólks inn og út hafi ráðist af því hvort ræðumaður væri á staðnum.

### Ofboðsleg heimskupör

Samgöngu- og framfarasaga þjóðarinnar fléttast óhjákvæmilega saman við sögu Ómars og Sumargleðinnar, enda hvíldi útrás reykvískra skemmtikrafta ekki síst á bættum vegum og betri ökutækjum.

„Einn kaflinn heitir Hættuleg blanda: Jeppi – flugvél – hraðbátur,“ segir Ómar, um 15. kafla bókarinnar þar sem hann rifjar meðal annars upp eina af sínum ótal svaðilförum. „Ég þurfti að skemmta á sama tíma á Akranesi og í Reykjavík. Það eru engin Hvalfjarðargöng og malarvegur á milli og úr því verður svo ótrúleg saga að menn hafa sagt við mig að jafnvel þótt ég væri rithöfundur og skáld, þá myndi ég ekki voga mér að skrifa svona sögu,“ segir Ómar og hlær sínum einstaka hlátri.

„Margt af þessu eru bara ofboðsleg heimskupör mín. Eins og að láta mér detta í hug að það væri hægt að skemmta bæði á Akranesi og Reykjavík á sama klukkutímanum. Það var nett brjálað,“ heldur Ómar áfram og bendir á að margar sögurnar af ótrúlegum svaðilförum varpi ljósi á „það hvað þessi þjóð þráði sumarið svakalega. Þetta er eina þjóðin í heiminum sem er með sumardaginn fyrsta sem hátíðisdag.“

### Hjónabandsmarkaðurinn

Þótt Ómar sé annálaður límheili og sagnabrunnur segist hann aðspurður óhjákvæmilega hafa þurft að leggjast í umtalsverða heimildarvinnu við ritun þessarar sögu, sem hann þekkir þó manna best.

„Þetta var ekkert ómerkilegt,“ segir Ómar um Sumargleðina, héraðsmótin og sveitaböllin. „Þetta var stærsti hjónabandsmarkaður landsins,“ segir Ómar hlæjandi. „Fletirnir eru svo margir. Á einu ballinu rann sviti ballgesta í taumum niður veggi og glugga á yfirfullum sal samkomuhússins. Það er bara satt og svo mikill sviti og margir voru það blautir þegar þeir komu inn, að úr þessu varð bara gufubað. Það var ekki hægt að taka myndir eða neitt.

Þetta er náttúrlega í nokkrum textum eins og bara Halló, mamma, halló, pabbi. Það lag er náttúrlega bara lýsing á andrúmsloftinu í kringum sveitaböllin og í raun og veru ekkert annað. Þótt það yrði svona vinsælt sem sönglag.“

Margt samferðafólk Sumargleðinnar hefur kvatt þennan heim og aðspurður segir Ómar vinnuna við bókina vissulega hafa vakið ljúfar minningar og söknuð. „Jú, jú, jú, sem hvatti mig til þess að leggja miklu meiri vinnu í þetta heldur en ég ætlaði mér, bara til þess að sýna þessu fólki þá virðingu sem það átti skilið og tilgreina dæmi um þær fórnir sem þau færðu.“

### Áfengisbann Ragga Bjarna

Ómar rekur, meðal margs annars, áfengisbann, sem Raggi Bjarna setti á Sumargleðina. „Áfengisbannið á Sumargleðinni var tímamótaverknaður í íslenskri menningarsögu, vegna þess að það hafði enginn sambærilegur hópur verið með svona.“

Bannið var þó í sjálfu sér einfalt. „Bara þegar komið var um borð í rútuna í Reykjavík, eða hvar sem var, þá byrjaði áfengisbann sem var ekki lokið fyrr en menn komu heim til sín. Þeir sem þurftu að vera túramenn og dettíða vikulega, þeir gerðu það bara á mánudögum og þriðjudögum. Eða þriðjudögum og miðvikudögum. Þetta gerði Ragnar,“ segir Ómar og upplýsir að það hafi ekki verið fyrr en eftir að hann skrifaði þessa bók að hann gerði sér grein fyrir „að Ragnar var miklu, miklu stærri faktor í íslenskri menningu en maður áttaði sig á.“ ■

# Betty Crocker var áhrifavaldur í matarlífi Eddu

odduraevar@frettabladid.is

Lífskúnstnerinn Edda S. Jónasdóttir segist lengi hafa ætlað að taka saman allar sínar uppáhaldsuppskriftir, eða frá því hún fór að búa fyrir um 45 árum. Hún hefur nú loksins látið slag standa, með bókinni sinni Eftirlætisréttir Eddu.

„Markmiðið var að prenta út allar uppskriftir sem ég átti í tölvunni og hefta saman fyrir vinkonur mínar í Edinborgarklúbbnum, þar sem sumar þeirra hafa minnst á það við mig að þær vildu gjarnan fá uppskriftirnar mínar útprentaðar. Það sem upphaflega átti að vera hefti er orðið að þessari fallegu bók.“

Edda hefur komið víða við á ævi sinni og réttirnir fjölbreyttir eftir því. Pabbi hennar var mikill heimsborgari og bauð ítrekað erlendum gestum heim í mat til fjölskyldunnar.

„Mamma var mjög veisluglöð kona, þannig að þetta gekk upp hjá pabba. Elsku mamma mátti líka fá heilt handboltalið í mat þegar ég var ellefu eða tólf ára gömul og æfði handbolta í Bústaðahverfinu. Þá kom handboltalið frá Færeyjum í heimsókn og fjölskyldur í hverfinu voru beðnar um að bjóða einum eða tveimur úr liðinu í mat. Það hentaði mér ekki, ég gat ekki valið hverjum ég ætti að bjóða og bauð því öllu liðinu og mamma steikti fisk ofan í alla og pönnukökur í eftirrétt og fannst þetta ekkert tiltökumál.“

Í skiptinámi í Seattle í Bandaríkjunum vaknaði loks matargerðaráhugi Eddu fyrir alvöru. „Mér fannst allt sem var á borðum í Bandaríkjunum svo nýtt og spennandi,“ útskýrir Edda. Húsmóðirin á heimilinu í Seattle, Wanda Morris, gaf henni hennar fyrstu matreiðslubók, kennda við Betty Crocker.



Edda fékk góðvinkonu sína, Hlíf Unu Bárudóttur, til þess að myndskreyta uppskriftabókina, sem hún kennir við eftirlætisrétti sína. MYND/HLÍF UNA BÁRUDÓTTIR

„Eftir ársdvöl í Seattle rétti hún mér stóra og mikla bók, matreiðslubók Betty Crocker. Ég var á leið í fimm vikna rútuferðalag þvert yfir Bandaríkin áður en haldið væri heim til Íslands. Nú voru góð ráð dýr, ferðataskan mín full, þannig að ég tók bókina með mér inn í rútuna og hóf lesturinn. Rútan brunaði af stað til næsta ríkis og ég var upptekin við að lesa uppskriftir, nýja áhugamálið mitt, og sá mun minna af landslaginu heldur en til stóð!“ ■


Okkar bestu óskir
um gleðileg jól
Við þökkum samfylgdina á árinu sem
er að líða og tökum nýju ári fagnandi!
Opið til kl. 18 í dag,
Þorláksmessu
Lokað 24.-26. desember
opin 11-20 alla daga
afgreiðslutíma á IKEA.is
IKEA
© Inter IKEA Systems B.V. 2021

# Metsölulisti

Vikuna 15. - 21. desember


1 Fagurt galaði fuglinn sá
Helgi Jónsson
Anna Margrét Marinósdóttir


2 Lok, lok og læs
Yrsa Sigurðardóttir


3 Sigurverkið
Arnaldur Indriðason


4 Sextíu kíló af kjaftshöggum
Hallgrímur Helgason


5 Úti
Ragnar Jónasson


6 Merking
Fríða Ísberg


7 Laugavegur
Anna Dröfn Ágústsdóttir
Guðni Valberg


8 Læknirinn í Englaverksmiðjunni
Ásdís Halla Bragadóttir


9 Allir fuglar fljúga í ljósið
Auður Jónsdóttir


10 Rætur
Ólafur Ragnar Grímsson

Penninn Eymundsson


# Húsvíkingur fann sig í flæði

**Platan VODA tók á sig mynd fyrir röð tilviljana þar sem belgísk söngkona í Noregsferð, bændur úr Þingeyjarsýslu, básúnuleikari og barþjónn urðu til þess að langþráður draumur Rafnars Orra Gunnarssonar rættist.**

ninarichter@frettabladid.is


Rafnar studdist ekki við nótur og reglur og lét flæðið ráða. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Elsta lagið á nýútkominni plötu Rafnars Orra Gunnarssonar, VODA, er ellefu ára en hann segir upptökuferlið hafa staðið í um fjögur ár. Verkið er í sex köflum eða lögum og unnið sem hluti af listrænum þríleik sem skiptist í tónlist, vatnslitaverk eftir Dušana Pavlovičová og tónlistarmyndbönd sem nálgast má á vefsíðu Rafnars.

Platan var frumflutt í heild sinni árið 2019 og er nú komin kom út á vínyl og streymisveitum. Stúlknakór Húsavíkur, karlakórinn Hreimur, belgíska söngkonan Martje Vande Ginste og íslenska söngkonan Esther Talía syngja á plötunni.

## Fór suður

Rafnar er fæddur og uppalinn á Húsavík og tónlist hans því með sterka tengingu norður. „Ég var alltaf nálægt tónlist þegar ég var drengur. Sem unglingur var ég í hljómsveitum með æskuvinunum og við tókum til dæmis þátt í Músíktilraunum, sem sveitin Tony the pony,“ segir Rafnar.

Eftir framhaldsskólanám á Húsavík flutti Rafnar suður. „Þá fór ég að læra hljóðtækni hjá Stúdíó Sýrlandi,“ segir Rafnar sem vann mikið við upptökur og útsetningar en spilaði og samdi lítið sjálfur. Í því ferli hafi leikgleðin gert vart við sig og hugmyndin að plötunni fæðst.

## Bændur beint úr fjósinu

Í framhaldinu sneri Rafnar sér að kvikmyndagerð en hann hefur starfað í faginu síðustu tíu árin og vinnur í dag á auglýsingastofu í Reykjavík. Hann segir tónlistardrauminn þó alltaf hafa blundað bak við eyrað. Fyrir fimm árum hafi hann síðan fundið að rétti tíminn væri kominn.

„Það birtist mér með svo augljósum hætti, að nú væri kominn tími til að gera allavega þessu einu plötu, og að maður færi alveg einlægur og heiðarlegur í það,“ segir hann.

„Ég fékk karlakórinn Hreim með okkur, sem er eitthvað sem mig hefur langað að gera síðan ég var strákur. Þetta eru alvöru bændur sem mættu beint úr fjósinu og sungu þetta inn, alveg skælbrosandi.“

> Þetta eru alvöru bændur sem mættu beint úr fjósinu og sungu þetta inn, alveg skælbrosandi.

## Draumur að vinna með Esther

Leik- og söngkonan Esther Thalía söng einnig lag á plötunni. „Þegar ég heyrði hana fyrst syngja með Bang Gang þegar ég var unglingur í félagsmiðstöðinni á Húsavík sagði ég vinum mínum að einn daginn ætlaði ég að gera lag og fá hana til að syngja með mér. Þetta varð svo allt að veruleika,“ segir hann.

## Vinir og fagfólk

Rafnar segir stóran hóp hafa komið að verkinu og nefnir til dæmis tónlistarmanninn Andra Frey Arnarson, sem notast við listamannsnafnið Framfari. „Hann vann þetta náið með mér, útsetti og fylgdi mér frá upphafi til enda, alla leið.

Þarna eru mínir bestu vinir, sem hafa fylgt mér í gegnum lífið, plús fagfólk eins og Lára Sóley Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, sem spilar á fiðluna.“

Einar Bjarni Björnsson básúnuleikari leikur einnig á plötunni. „Hann settist niður á bar þar sem ég var að vinna, og þá kom lag í útvarpinu. Ég sagði vá, hvað brassið er flott í þessu lagi. Hann svaraði, já, ég spilaði það.“ Rafnar segir að í kjölfarið hafi þeir orðið bestu vinir.

## Í Noregi í næstu koju

Belgíska söngkonan Martje Vande Ginste syngur á plötunni. „Sagan á bak við það er stórkostleg,“ segir Rafnar. „Ég flutti til Noregs 2011 og þegar ég kom þangað var ég með gítar í hendinni og einn bakpoka. Ég fór á farfuglaheimili og ætlaði að vera þar á meðan ég kynntist fólki og fyndi mér heimili.

Í næstu koju liggur þessi yndislega kona. Við förum að spjalla og ég komst að því að hún elskaði Ísland en hafði aldrei komið hingað,“ segir Rafnar. „Á kvöldin sat hún með börnunum sínum og horfði á Heima-myndina með Sigur Rós. Hún kenndi börnunum sínum íslensku.“

Martje, sem lærði söng í Noregi, var á ferð um Noreg með kórnum sínum. „Við áttum stórkostleg mómentá þessu farfuglaheimili, syngjandi með kórnum,“ segir hann og bætir við að þegar þau kvöddust hafi hann boðið henni að syngja á plötunni, sem hann langaði að gera einn daginn.

„Tíu árum seinna hafði ég samband og þá var hún aldeilis tilbúin. Ég bauð henni og syni hennar til Íslands og hún söng með okkur þegar við fluttum verkið í heild sinni 2019.“

## Ferðalag í djúphafið

Að sögn Rafnars er VODA „ferðalag mannsandans í djúphafið og heim“. Hann segir að hugmyndafræði verksins byggist á trausti og flæði sem finni sína leið eins og vatnið. „Öll platan er tekin upp í flæði. Ég studdist hvorki við nótur né reglur. Þetta er bara flæði og svo treystir maður því sem kemur,“ segir hann.

„Manneskjur og jörðin eru 70 prósent vatn og þetta er kjarni lífsins, mér fannst rétt að byrja þarna. Í vatninu er upphafið og þetta er líka mín fyrsta plata.“

Hann segir vísunina líka koma inn í myndlistarhluta verkanna, en myndlistin er unnin með vatnslitum. „Þetta er allt flæði sem finnur sína leið.“ ■

# Reynir loksins kominn út

odduraevar@frettabladid.is

Reynir Guðmundsson hefur loksins gefið út sína fyrstu plötu sem nefnd er eftir honum. „Þetta er ekkert nema góð tilfinning,“ segir Reynir um Reyni, þar finna má fjölbreytt safn laga sem hann hefur samið á síðustu árum.

Reynir er fæddur á Ísafirði og vakti fyrst athygli með ísfirsku hljómsveitinni Ýr þegar hann söng smellinn Kanína. Reynir söng í sautján ár með Saga Class, hinu rómaða húsbandi Hótel Sögu, og undanfarin ár hefur hann starfað með Rúnari Þór og góðum félögum frá Ísafirði í hljómsveitinni Trap.


Reynir Guðmundsson

Reynir er hans fyrsta plata en hann verður sjötugur á næsta ári. „Ætli ég hafi nokkuð mátt vera að því,“ segir Reynir hlæjandi spurður hví hann hafi ekki gefið sólóplötu út fyrr.

„Núna er maður meira og minna hættur að vinna og þá hefur maður meiri tíma. Það er stórafmæli á næsta ári sko!“

Reynir semur öll lög og texta plötunnar fyrir utan eitt, Frá fyrstu stundu, sem er eftir Þóri Úlfarsson við texta Stefáns Hilmarssonar. „Þetta er ansi gaman því það koma svo margir góðir að þessu. Þetta er bara landsliðið, það er ekkert öðruvísi.“

Reynir segir lögin á plötunni ólík innbyrðis. „Sumum gæti þótt það skrítið en ég reyni að tína ólíka stíla svona héðan og þaðan svo þetta sé ekki allt alltaf líkt og svipað hvert öðru. Það væri annað ef maður væri að gefa út plötu á hverju einasta ári, þá væri maður að þróa þetta smám saman.“ ■

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Gústaf Bjarnason *gustaf@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@frettabladid.is* , Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

# SKEMMTILEG SPIL Í JÓLAPAKKANN




## Krakkar um víða VERÖLD

Við erum öll jöfn en þó oft á tíðum mjög ólík hvert öðru. Í þessu spili gefst börnum kostur á að læra um framandi heimshluta og mismunandi menningu ólíkra þjóða.

Þetta skemmtilega og fræðandi spil er vel til þess fallið að svala meðfæddri forvitni barnanna.



UPPLIFÐU HEIMINN Í SKEMMTILEGU SPILI



## GULLEYJAN

Fjársjóðsleitin fer fram á smárri eyju í miðju hafinu og gengur út á að fylla fjársjóðskistu af góssi.

Kastið teningum til að mynda samstæður og hljótið gullpeninga að launum.

SKEMMTILEG FJÁRSJÓÐSLEIT FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA







## Evrópa

Hvaða staðreyndir um Evrópu ættu allir að þekkja? Hvað veistu um evrópska íþróttamenn? Þekkir þú sögu meginlandsins og eyjanna í kring? Ertu vel að þér í evrópskum dægur-málum og tónlist?

**Spurningar eftir**
Stefán Pálsson




Trönuhraun 1 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 534 0400 • www.myndform.is

MYNDFORM

# HÁTÍÐLEG HELGARTILBOÐ

## GILDA: 23.-26. DESEMBER




**WELLINGTON**
**NAUTALUND**

**4.949** KR/KG
**ÁÐUR:** 7.499 KR/KG

**34%** AFSLÁTTUR




**25%** AFSLÁTTUR

**Ribeye-nautasteikur**
Smjörhjúpaðar
**5.699** KR/KG
**ÁÐUR:** 7.599 KR/KG




**20%** AFSLÁTTUR

**Confit-andalæri**
4 læri
**3.039** KR/STK
**ÁÐUR:** 3.799 KR/STK




**Hangilæri**
Úrbeinað
**2.847** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.199 KR/KG

**GOTT VERÐ!**




**GOTT VERÐ!**

**Hangilæri**
með beini
**2.224** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.499 KR/KG

**Peking önd**
1,8 kg
**2.974** KR/KG
**ÁÐUR:** 3.499 KR/KG




**GOTT VERÐ!**




**GOTT VERÐ!**

**Barbarie önd**
**1.869** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.199 KR/KG



**GOTT VERÐ!**

**Kalkúnaskip**
með beini
**2.379** KR/KG
**ÁÐUR:** 2.799 KR/KG



**25%** AFSLÁTTUR

**Græn vínber**
500 g
**374** KR/PK
ÁÐUR: 499 KR/PK

**Appelsínur**
**209** KR/KG
ÁÐUR: 298 KR/KG



**30%** AFSLÁTTUR



## FÁÐU BETRA VERÐ MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM

Náðu í appið og safnaðu inneign.

Þú getur notað Samkaupa-appið í öllum verslunum Nettó.

**nettó**
Lægra verð – léttari innkaup

*Tilboðin gilda meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.*

# SPENNANDI KJÖT UM JÓLIN






















# OPNUNARTÍMI NETTÓ UM JÓLIN

Á Þorláksmessu, 23. desember, verður opið til kl. 23 í öllum verslunum Nettó.

Á aðfangadegi jóla, 24. desember, verður opið til kl. 14 í öllum verslunum Nettó og í netverslun.

Allar verslanir verða lokaðar á jóladag.

26. desember verða valdar Nettó verslanir opnar.

**Sjá nánari upplýsingar um afgreiðslutíma inn á netto.is**

frettabladid.is
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

OPIÐ Í ÖLLUM VERSLUNUM
NETTÓ TIL KL. 23
Allan sólarhringinn í Mjódd og Granda
nettó

■ Bakþankar



Kolbeins
Marteinssonar

# Kattamatur í Brexit

Ég hef haldið ketti sem gæludýr stóran hluta af lífi mínu. Í dag deili ég heimili með tveimur köttum, Kára 8 ára og Stellu 15 ára. Sambúð okkar hefur gengið tíðindalítið fyrir sig að undanskildum einstaka fugli sem komið hefur inn með þeim og klóri í húsgögn. Brexit eða útganga Englands úr Evrópusambandinu (ESB) hefur þó haft langmest áhrif á líf katta minna og okkur heimilisfólk.

Kettirnir mínir hafa líkt og fleiri kettir alist upp á sérhönnuðum þurrmat. Vandi katta minna er að báðir eru þeir matvandir. Þannig hafa þeir frá unga aldri fúlsað við þurrmat en tekið fagnandi niðursoðnum kattamat úr innyflum og öðru kjötmeti. Ef kettinum Kára var til dæmis boðið upp á þurrmat settist hann hneykslaður niður og horfði til skiptis á matinn og svo í augu manns. Kötturinn Stella var svo enn meiri gikkur, hún hætti hreinlega að borða og horaðist þangað til gripið var til örþrifaráða og keyptur var dósamatur.

Allt breyttist þó eftir verslunarferð í Costco fyrir nokkrum árum þar sem keyptur var stór sekkur af Purina One kattamat. Skyndilega var allur þurrmatur étinn upp til agna og ég þurfti að kaupa tvo sekki í næstu ferð. Ég ræddi ágæti þessa kattamatar við fleiri kattareigendur sem allir voru mér sammála, þetta væri ofurfæða. Svona gekk þetta í nokkur ár þangað til skyndilega að þessi kattamatur hvarf úr hillum Costco. Skýringin sem ég fékk var að eitthvert tollavesen vegna útgöngu Englands úr ESB hefði haft þessar afleiðingar. Enginn kattamatur hefur náð að fylla skarðið. Kári er aftur farinn að bíða við fullan matardall og Stella grennist. Svona geta stjórnmál í einu landi haft áhrif á tvo ketti á Íslandi. Gleðileg jól. ■




